



Hrunamannahreppur

Barnvænt sveitarfélag nóvember 2025

Greinargerð eftir úttekt UNICEF vegna viðurkenningar

Endurmat nóvember 2028

Sveitarfélag:	Hrunamannahreppur
Sveitarstjóri:	Aldís Hafsteinsdóttir
Umsjónarmaður verkefnis:	Kolbrún Haraldsdóttir
Dagsetning úttektar:	20.10.2025 - 29.10.2025
Matsaðilar UNICEF:	Marín Rós Eyjólfsdóttir Eva Bjarnadóttir Erna Dagný Hjaltalín Unnur Helga Ólafsdóttir Þórarinn Guðni Helgason
Viðmælendur í úttektarviðtölum:	Jóhanna Lilja Arnardóttir Kolbrún Haraldsdóttir Bjarney Vignisdóttir Aldís Hafsteinsdóttir Sigfríð Lárusdóttir Ungmennaráð Hrunamannahrepps: - Anna Katrín Víðisdóttir - Íris Birna Árnadóttir - Katrín Katla Guðmannsdóttir - Sara Nadía Gunnarsdóttir - Ingunn Lilja Arnórsdóttir - Andri Óskarsson

Hafnarfjörður, 14. janúar 2026

Úttekt UNICEF á starfsemi Hrunamannahrepps í tengslum við verkefnið Barnvæn sveitarfélög fór fram á tímabilinu 20.- 29. október 2025. Hrunamannahreppur hóf markvissa innleiðingu á lögum um Barnasáttmálann með undirritun samnings við UNICEF á Íslandi og páverandi félags- og barnamálaráðuneyti í mars 2021. Síðan þá hafa starfsfólk, kjörnir fulltrúar og ungmennaráð sveitarfélagsins staðið sig með prýði og unnið fjölda verkefna í þágu réttinda barna.

Innleiðingarferlið hófst á mati um stöðu réttinda barna í Hrunamannahreppi, að því loknu setti stýrihópur verkefnisins saman aðgerðaáætlun sem samanstóð af 15 aðgerðum. Allar aðgerðirnar áttu það sameiginlegt að vera réttindum barna til framdráttar ásamt því að tengjast grunnþáttum verkefnisins Barnvæn sveitarfélög. Aðgerðirnar fólu í sér m.a. yfirgripsmikla barnaréttindafræðslu fyrir starfsfólk og börn í sveitarfélaginu, mótun mannréttindastefnu, innleiðingu barnvæns hagsmunamats, skipun réttindafulltrúa í leik- og grunnskóla og svo miklu fleira.

Af úttektinni þykir ljóst að þekking á réttindum barna hefur aukist til muna og voru þeir viðmælendur sem við ræddum við sammála um að sameiginlegt tungumál byggt á réttindum barna styðji starfsfólk og kjörna fulltrúa í að taka ákvarðanir sem eru réttindum barna til framdráttar. Kolbrún Haraldsdóttir sinnti verkefnastjórn innleiðingar laga um Barnasáttmálann sem umsjónarmaður Barnvæns sveitarfélags í Hrunamannahreppi. Kolbrún sinnti verkefninu af miklum eldmóði og fagmennsku og var lykilaðili í því að tryggja þann árangur sem náðist með innleiðingunni. UNICEF vill hrósa Kolbrúnu fyrir vel unnin störf í þágu réttinda barna. Þá á stýrihópur verkefnisins, sem samanstóð af starfsfólki, kjörnum fulltrúum og ungmennum, einnig hrós skilið, en hópurinn spilaði lykilhlutverk í að greina stöðu réttinda barna, setja upp aðgerðaáætlun og framkvæma aðgerðir. Ungmennaráð Hrunamannahrepps á einnig hrós skilið fyrir aðkomu sína að verkefninu, en þátttaka ungmennaráðs í innleiðingunni er lykilþáttur í því að tryggja árangur. Þau unnu ötullega að því á innleiðingartímanaum að fjölga tækifærum barna til þátttöku með góðum árangri.

Sú árangursríka vinna sem hefur átt sér stað skilar sér í bættu umhverfi og bættum starfsháttum fyrir alla íbúa Hrunamannahrepps. Þekking á réttindum barna hefur verið stórefld á tímabilinu auk þess sem fjöldi aðgerða hafa verið framkvæmdar, réttindum barna til framdráttar. Við hjá UNICEF á Íslandi óskum öllum íbúum innilega til hamingju með árangurinn. Strax má sjá ávinning af markvissri vinnu sveitarfélagsins við það að koma réttindum allra barna til framkvæmda. En betur má ef duga skal og

hlökkum við hjá UNICEF á Íslandi til að fylgjast með áframhaldandi þróun í þágu réttinda barna í Hrunamannahreppi.

Með bestu kveðju, f.h. UNICEF á Íslandi,

Marín Rós Eyjólfsdóttir,
verkefnastýra Barnvænna sveitarfélaga
UNICEF á Íslandi

Aðgerðaáætlun

Til þess að hljóta viðurkenningu UNICEF sem Barnvænt sveitarfélag þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Aðgerðaáætlun þarf að hafa verið uppfyllt.
- Aðgerðir þurfa að hafa verið réttindum barna til hagsbóta.
- Fullnægjandi lokaskýrslu þarf að hafa verið skilað til UNICEF.
- Sveitarfélagið þarf að hafa staðist úttekt UNICEF vegna Barnvæns sveitarfélags.

Ef ekki tekst að uppfylla ákveðnar aðgerðir í aðgerðaáætlun þarf að setja fram fullnægjandi skýringar fyrir því hvers vegna svo er, og mælst er til þess að sett sé fram tímaáætlun um það hvenær þær verði framkvæmdar. Séu aðstæður þannig að ekki sé unnt að hefja/ljúka einhverjar aðgerðir mælist UNICEF til þess að þær verði hluti af næstu aðgerðaráætlun vegna Barnvæns sveitarfélags.

Aðgerðaáætlun Hrunamannahrepps sem innihélt 15 aðgerðir í þágu réttinda barna var samþykkt af sveitastjórn í desember 2024. Af 15 aðgerðum voru 14 aðgerðir full framkvæmdar þegar úttekt UNICEF fór fram. Þá var ein aðgerð, aðgerð 14 um fræðsluáætlun til þess að auka vellíðan, sjálfstraust, félagslega færni og getu barna og ungmennta til þess að setja mörk, ekki lokið að fullu þrátt fyrir að margvísleg fræðsla hafi farið fram á tímabilinu. Lokaskýrsla Hrunamannahrepps vegna Barnvæns sveitarfélags barst UNICEF í október 2025.

Hér að neðan má finna yfirlit yfir aðgerðir úr aðgerðaáætlun Hrunamannahrepps vegna Barnvæns sveitarfélags, flokkaðar eftir grunnþáttum Barnvænna sveitarfélaga. Við aðgerðirnar má sjá athugasemd frá UNICEF á Íslandi sem er leiðbeinandi um áframhaldandi vinnu og framtíðar verkefni í þágu réttinda barna.

Jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna



Jafnræði - bann við mismunun er einn af grunnþáttum Barnvænna sveitarfélaga og ein af fjórum grundvallargreinum Barnasáttmálans (2. grein). Samkvæmt sáttmálanum eiga öll börn að njóta sömu réttinda án tillits til kynþáttar, kynferðis, trúar, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna.

- Aðgerð 12: Styðja börn til aukinnar þátttöku: Aðgerðin fól í sér stuðning við börn af erlendum uppruna sem búa í sveitarfélaginu til þess að tryggja tækifæri þeirra til þátttöku í samfélaginu, sérstakan stuðning við íslenskunám og þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi. Auk þess var unnið að því að foreldrar/forsjáradilar fengju upplýsingar um frístundastyrk sveitarfélagsins. Á tímabilinu var ÍSAT kennsla efld, fjölmenningsdagur var haldinn til þess að lyfta upp ólíkri menningu og hefðum og boðið er upp á fríar æfingar í upphafi vetrar svo börn geti prufað sig áfram og fundið íþróttir og tómstundir við hæfi. Þessar opnu æfingar eru vel kynntar börnum og foreldrum.

Athugasemd UNICEF á Íslandi: UNICEF fagnar auknum stuðningi við börn af erlendum uppruna og hvetur sveitarfélagið til þess að halda áfram að huga að leiðum til þess að jafna aðstöðumun barna innan sveitarfélagsins.

Það sem er barninu fyrir bestu



Þriðja grein Barnasáttmálans fjallar um að það sem er barninu fyrir bestu sé ávallt tekið til skoðunar þegar teknar eru ákvarðanir sem varða börn. Þegar ákvarðanir eru teknar sem varða börn skal gera mat á hagsmunum barna. Þá eru afleiðingar ákvarðana á börn greindar. Slíkt mat getur annars vegar varðað hóp barna og hins vegar getur það varðað eitt barn. Til að komast að því hvað er best fyrir barnið er ýmislegt sem þarf að skoða; lög og reglugerðir, raunprófaða þekkingu og þær greinar Barnasáttmálans sem eiga við hverju sinni. Það er ekki hægt að vita hvað er barni fyrir bestu án þess að tala við barnið eða börnin sem ákvörðunin hefur áhrif á hverju sinni og taka tillit til þess.

- Aðgerð 10: Innleiðing á barnvænu hagsmunamati: Aðgerðin fól í sér að hafist yrði handa við að innleiða Barnvænt hagsmunamat inn í verklag allrar

stjórnsýslunnar. Fyrsta skrefið var að innleiða hagsmunamatið inn í verklag lýðheilsu- og æskulýðsnefndar og hefur sú innleiðing gengið vel og mikil jákvæðni er fyrir áframhaldandi vinnu með barnvænt hagsmunamat hjá sveitarfélaginu.

Athugasemd UNICEF á Íslandi: UNICEF fagnar innleiðingu barnvæns hagsmunamats hjá Hrunamannahreppi og hvetur sveitarfélagið til þess að innleiða matið í störf allra nefnda og ráða sveitarfélagsins.

- Aðgerð 14: Auka vellíðan barna, sjálfstraust, félagslega færni, getu til að setja mörk: Markmið aðgerðarinnar var að festa í sessi reglulega fræðslu fyrir börn og ungmenni er varða vellíðan, geðheilbrigði, félagslega færni og efla getu þeirra til þess að setja mörk. Ætlunin var að gera heildstæða fræðsluáætlun sem leit því miður ekki dagsins ljós. Þrátt fyrir það fór ýmis fræðsla fram á tímabilinu og hefur hluti hennar verið festur í sessi, t.d. jafningjafræðsla Sambands sunnlenskra sveitarfélaga, fyrirlestur Þorgríms Þráinssonar rithöfundar og fræðsla Samtakanna 78. Þar sem ekki tókst að ljúka aðgerðinni verður henni forgangsraðað í næstu aðgerðaáætlun Barnvæns sveitarfélags.

Athugasemd UNICEF á Íslandi: Um er að ræða góða aðgerð sem stuðlar að snemmtækri íhlutun og fagnar UNICEF því að því verði forgangsraðað í næsta innleiðingarhring að ljúka við framkvæmd hennar. Einnig hvetur UNICEF Hrunamannahrepp til þess að eiga í samráði við börn í sveitarfélaginu um innihald fræðslunnar til þess að tryggja að hún nýtist sem best.

Þátttaka barna



Börn eiga rétt á því að fá tækifæri til að tjá skoðanir sínar um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra og að tekið sé réttmætt tillit til þess sem þau hafa að segja með hliðsjón af aldri og þroska. Ákvörðun um að innleiða Barnasáttmálann felur í sér viðurkenningu á að þekking og reynsla barna sé verðmæt fyrir sveitarfélag. Barnvæn sveitarfélög vinna að því að efla þátttöku barna og ungmenna í samfélaginu og leita eftir og nýta sér reynslu og viðhorf þeirra til að bæta þá þjónustu sem ætluð er þeim.

- Aðgerð 1: Raddir barna - Barnaþing: Markmið aðgerðarinnar var að festa í sessi að barnaþing yrði haldið annað hvert ár í Hrunamannahreppi. Á innleiðingartímanum var barnaþing haldið tvisvar, árin 2022 og 2024, með góðum árangri.

Athugasemd UNICEF á Íslandi: Ánægja virðist ríkja um tilkomu reglulegra barnaþinga hjá sveitarfélaginu. UNICEF hvetur sveitarfélagið til þess að halda áfram að þróa barnaþing með það að markmiði að tryggja jöfn tækifæri barna til þátttöku.

- Aðgerð 2: Þátttaka barna í stefnumótun: Verklag var mótað til þess að efla þátttöku barna í stefnumótun og ákvörðunum sveitarfélagsins. Búið er að festa í sessi árlega fundi ungmennaráðs með sveitastjórn. Þá hefur barnvænt hagsmunamat einnig verið innleitt í störf lýðheilsu- og æskulýðsnefndar. Auk þess fundar ungmennaráð að hausti með sveitastjórn í tengslum við fjárhagsáætlanagerð. Verklagið hefur verið formfest innan stjórnsýslunnar.

Athugasemd UNICEF á Íslandi: UNICEF fagnar aukinni áherslu á þátttöku barna í Hrunamannahreppi. Sveitarfélagið á sérstakt hrós skilið fyrir að hafa hafið innleiðingu barnvæns hagsmunamats og tryggt aðkomu barna að fjárhagsáætlanagerð og hvetur UNICEF Hrunamannahrepp til þess að halda áfram að þróa þessar þátttökuleiðir.

- Aðgerð 11: Fræðsla um skóla- og nemendaráð og Ungmennaráð: Með aðgerðinni var ætlað að tryggja fræðslu og upplýsingagjöf til barna og ungmenna um skóla- og nemendaráð sem og ungmennaráð. Þá var aðgerðinni einnig ætlað að tryggja góðar starfsreglur um ráðin svo þau ungmenni sem eiga sæti í þeim skilji betur hlutverk sitt og geti miðlað því áfram. Starfsreglur voru allar yfir farnar og verður yfirferð framkvæmd árlega. Fræðsla um ráðin fór fram inni í Flúðaskóla og tókst vel til.

Athugasemd UNICEF á Íslandi: UNICEF fagnar aðgerðinni og hvetur sveitarfélagið til þess að festa fræðsluna í sessi og halda áfram að stuðla að bættri upplýsingagjöf til barna.

- Aðgerð 13: Aðkoma barna að umhverfis- og skipulagsmálum í sveitarfélaginu: Aðkoma barna að umhverfis- og skipulagsmálum í sveitarfélaginu fólst að þessu

sinni í þátttöku þeirra að fyrsta fasa endurnýjunar leiksvæðis við grunnskólann. Haldið var nemendaþing í grunnskólanum þar sem nemendur komu með hugmyndir að tækjum og útliti svæðisins sem var haft til hliðsjónar við lokahönnun svæðisins.

Athugasemd UNICEF á Íslandi: Eftir samtal við ungmennaráð sveitarfélagsins kom í ljós að gleymst hafði að senda hönnun skólalóðarinnar til umsagnar ráðsins sem olli meðlimum ráðsins miklum vonbrigðum. UNICEF fagnar því að samráð hafi verið átt við breiðari hóp barna en eingöngu ungmennaráð og minnir jafnframt á mikilvægi þess að öll mál sem viðkoma börnum og ungmennum séu send til ungmennaráðs til umsagnar.

- Aðgerð 15: Auka sjálfstæði og vellíðan barna í leikskóla: Í rýnihópi með börnum á leikskólaaldri kom fram að þau vildu hafa meiri áhrif á leikskólastarfið. Því var farið í það að tryggja börnum ákveðið val um viðfangsefni/hópastarf/félagaval innan skóladagsins. Einstaklingsverkefni voru framkvæmd í tveimur elstu árgöngum leikskólans þar sem börnin voru spurð hverju þau ráða og út frá þeim niðurstöðum voru viðbrögð sett inn í umbótaáætlun leikskólans.

Athugasemd UNICEF á Íslandi: UNICEF fagnar því að hugað sé að þátttöku og áhrifum yngstu barna sveitarfélagsins og hvetur Hrunamannahrepp til þess að halda áfram á sömu braut!

Þekking á réttindum barna



Barnasáttmálinn leggur ríka skyldu á opinbera aðila um að fræða fullorðna og börn um þau réttindi sem í sáttmálanum eru, með virkum og markvissum hætti (42. grein). Þau sveitarfélög sem vinna að því að innleiða Barnasáttmálann þurfa því að vinna markvisst að því að efla þekkingu á réttindum barna innan sveitarfélagsins og gæta þess að réttindin séu virt.

- Aðgerð 3: Fræðsla fyrir starfsfólk: Markmið aðgerðarinnar var að tryggja öllu starfsfólki sveitarfélagsins barnaréttindafræðslu. Vel tókst til og lauk um 90% starfsfólks fræðslu um Barnasáttmálann, vernd barna, Barnvænt sveitarfélag og réttindafræðslu í framkvæmd.

Athugasemd UNICEF á Íslandi: Hrunamannahreppur á hrós skilið fyrir að hafa náð til stórs hóps starfsfólks með fræðslu. UNICEF hvetur sveitarfélagið til þess að bæta við fræðslu um þátttöku barna fyrir starfsfólk og kjörna fulltrúa í næsta hring og tryggja reglulega endurmenntun um réttindi barna.

- **Aðgerð 4: Réttindafræðsla fyrir börn:** Markmið aðgerðarinnar er að öll börn í sveitarfélaginu þekki réttindi sín. Í nóvember 2024 voru þemadagar Flúðaskóla tileinkaðir réttindum barna og verkefni barnanna kynnt á degi íslenskrar tungu. Þá er búið að tengja skólanámskrá við réttindi barna og tryggja þannig reglulega réttindafræðslu fyrir börn í leik- og grunnskóla sveitarfélagsins.

Athugasemd UNICEF á Íslandi: Eftir samtal við starfsfólk leik- og grunnskóla kom í ljós áhugi á þátttöku í verkefninu Réttindaskóla og -frístund UNICEF og hvetur UNICEF Hrunamannahrepp til þess að skoða möguleika á þátttöku í verkefninu til þess að tryggja heildaskólanálgun á innleiðingu réttinda barna í menntastofnunum sveitarfélagsins.

- **Aðgerð 5: Réttindafræðsla fyrir foreldra/forráðamenn:** Með aðgerðinni voru foreldrar/forsjáraðilar upplýstir um réttindi barna. Það var gert með bréfi til allra foreldra/forsjáraðila leik- og grunnskólabarna með upplýsingum um Barnvænt sveitarfélag og réttindi barna.

Athugasemd UNICEF á Íslandi: Bréfið sem sent var á foreldra/forsjáraðila var gott fyrsta skref í því að fræða íbúa sveitarfélagsins um réttindi barna. UNICEF hvetur sveitarfélagið til þess að halda áfram að upplýsa jafnt foreldra og aðra íbúa um réttindi barna í næsta innleiðingarhring Barnvæns sveitarfélags. Þá má jafnvel huga að almennri foreldrafræðslu út frá réttindum barna innan sveitarfélagsins.

- **Aðgerð 7: Fræðsla um tilkynningar til barnaverndar:** Með aðgerðinni er fræðsla um mikilvægi tilkynninga til barnaverndar og viðbrögð þegar grunur kemur upp um ofbeldi/vanrækslu gagnvart barni eða áhættuhegðun barna eflað. Vel tókst til við fræðsluna sem skilaði sér bæði til starfsfólks leik- og grunnskóla í formi fundar og til foreldra/forsjáraðila í tölvupósti.

Athugasemd UNICEF á Íslandi: UNICEF fagnar aðgerðinni, enda mikilvægt að tryggja víðtæka þekkingu um tilkynningar til barnaverndar hjá fullorðnum sem og börnum.

Barnvæn nálgun



Til þess að sveitarfélag sé barnvænt er ekki nóg að stefnur, reglur og ákvarðanir taki mið af Barnasáttmálanum. Tryggja þarf að umhverfi, viðhorf, stjórnsýsla og þjónusta sé barnvæn og taki mið af þörfum og hagsmunum barna. Starfsumhverfi sveitarfélagsins ætti að mótast af þörfum barna, þannig að auðvelt sé fyrir börn á öllum aldri að óska eftir aðstoð við hæfi. Þá skiptir miklu máli að börn geti sjálf leitað til starfsfólks sveitarfélagsins og fengið leiðbeiningar og ráðgjöf, án aðkomu foreldra. Enn fremur þarf að tryggja að þau svið, stofnanir sem hafa ekki augljósa tengingu við börn tileinki sér barnvæna nálgun

- **Aðgerð 6: Réttindafulltrúar:** Aðgerðin snerist um að stofnanir sveitarfélagsins skyldu tilnefna einn réttindafulltrúa sem ber ábyrgð á að barnvæn nálgun sé höfð að leiðarljósi í öllu starfi stofnunarinnar og halda Barnasáttmálanum á lofti innan stofnunarinnar. Vegna smæðar sveitarfélagsins var ákveðið að láta duga að tilnefna réttindafulltrúa í leik- og grunnskóla sveitarfélagsins.

Athugasemd UNICEF á Íslandi: UNICEF fagnar tilkomu réttindafulltrúa í leik- og grunnskóla sveitarfélagsins og hvetur sveitarfélagið til þess að búa til skýran ramma utan um hlutverk þeirra og tryggja þeim reglulega fræðslu. Ef áhugi er hjá sveitarfélaginu á að taka þátt í Réttindaskóla og -frístund UNICEF gætu réttindafulltrúarnir verið góðir umsjónarmenn fyrir það verkefni.

- **Aðgerð 8: Endurskoðun á áætlunum og stefnum:** Markmið aðgerðarinnar var að yfirfara reglur, áætlanir og stefnur sveitarfélagsins með tilliti til Barnasáttmálans og réttinda barna og tryggja að nýjar reglur, áætlanir og stefnur taki einnig mið af sáttmálanum. Á tímabilinu var læsisstefna leik- og grunnskóla endurskoðuð, ásamt því var Málstefna var unnin. Næst á dagskrá er að endurskoða forvarnarstefnu sem verður hluti af næstu aðgerðaáætlun.

Athugasemd UNICEF á Íslandi: UNICEF hvetur sveitarfélagið til þess að halda áfram að endurskoða stefnumótandi skjöl sveitarfélagsins þar til allar stefnur, áætlanir og reglur hafa verið yfirfarnar. Þá eru einnig tækifæri í því að búa til nýjar stefnur svo sem stefnu um það sem er barninu fyrir bestu eða stefnu um vernd

barna í starfsemi sveitarfélagsins og hvetur UNICEF Hrunamannahrepp til þess að kynna sér það.

- Aðgerð 9: Mannréttindastefna sveitarfélagsins: Með aðgerðinni átti að móta og vinna heildstæða og skýra mannréttindastefnu fyrir sveitarfélagið sem tekur sérstaklega mið af Barnasáttmálanum og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Fyrsta mannréttindastefna Hrunamannahrepps leit dagsins ljós á tímabilinu og fór fyrir ungmennaráð til umsagnar til þess að tryggja að börn fengju tækifæri til þess að hafa áhrif á stefnuna áður en hún var formlega samþykkt.

Athugasemd UNICEF á Íslandi: Hrunamannahreppur á hrós skilið fyrir að hafa skrifað og samþykkt mannréttindastefnu fyrir sveitarfélagið sem tekur sérstaklega mið af mannréttindum barna og með aðkomu þeirra.

Niðurstöður viðtala vegna úttektar

Mikil vinna hefur verið lögð í innleiðingu laga um Barnasáttmálann í Hrunamannahreppi. Það var því afar ánægjulegt að eiga samtöl við fjölda starfsmanna, kjörinna fulltrúa og ungmenna í sveitarfélaginu með það að markmiði að mæta innleiðingu Barnvæns sveitarfélags með heildstæðum hætti. Mikil vinna hefur verið lögð í að efla þekkingu á réttindum barna á tímabilinu sem skapar frjóan jarðvel fyrir áframhaldandi vinnu í þágu réttinda barna. Mikilvægt er að tryggja verkefninu áfram rými innan sveitarfélagsins og að því fylgi áfram umsjónarmaður sem hefur umboð, tíma og rými til að sinna verkefninu. Það má draga mikinn lærdóm af vinnu síðastliðinna ára sem gagnast vel þegar haldið er áfram í næsta innleiðingarhring. Því er hér dregið saman hvað þótti heppnast sérstaklega vel og að hverju má huga enn betur.

1. Umsjónarmaður og sveitarstjóri:

„Það er svo valdeflandi fyrir börnin að taka þátt í ákvörðunum sem skipta þau máli og snúa að þeim“

-Sveitarstjóri Hrunamannahrepps

Það sem tókst sérstaklega vel:

- Almenn jákvæðni gagnvart verkefninu og mikill vilji til þátttöku
- Virk starfsemi stýrihóps og þátttaka ungmenna í honum
- Hugmyndir barna nýttar markvisst í aðgerðaáætlun
- Árangursrík innleiðing barnvæns hagsmunamats og góðar viðtökur þess
- Umsjónarmaður verkefnisins staðsettur innan skólans
- Barnþingið tókst sérstaklega vel

Góð ráð frá sveitarstjóra og umsjónarmanni Barnvæns sveitarfélags:

- Virkja fleiri starfsmenn sveitarfélagsins til að dreifa ábyrgð
- Efla meðvitund um réttindi barna innan stjórnsýslunnar
- Skýra tímalínu verkefnisins og setja formlegri ramma í næsta innleiðingarhring
- Tryggja samfellu verkefnisins í tengslum við sveitarstjórnarkosningar
- Kynna verkefnið vel fyrir nýjum kjörnum fulltrúum
- Efla enn frekar þátttöku barna, einkum barna á aldrinum 16–19 ára

- Styrkja starfsemi miðdeildar félagsmiðstöðvarinnar

2. Starfsfólk og kjörnir fulltrúar

„Mér hefur fundist þetta ganga vel á allan hátt. En maður verðar alltaf að passa sig að hafa þetta í huga og vera vakandi.“

-Starfsmaður Hrunamannahrepps

Það sem tókst sérstaklega vel:

- Umsjónarmaður verkefnisins staðsettur innan skólans í litlu sveitarfélagi
- Aukið vægi Barnasáttmálans í daglegum störfum starfsfólks
- Verulega aukin áhersla á þátttöku barna í ákvörðunartöku
- Umsjónarmaður hélt vel utan um verkefnið
- Virk þátttaka sveitastjóra sem veitti verkefninu aukið vægi
- Góður undirbúningur stýrihópsfunda

Góð ráð frá starfsfólki og kjörnum fulltrúum:

- Tryggja áframhaldandi eftirfylgni verkefnisins
- Viðhalda hlutverki umsjónarmanns með nægum tíma og svigrúmi
- Huga sérstaklega að réttindum barna af erlendum uppruna
- Árétt að réttindi barna feli ekki í sér skyldur fyrir börn
- Auka fræðslu um réttindi barna og upplýsingaflæði fyrir kjörna fulltrúa
- Finna leiðir til að tryggja að barnvænt hagsmunamat gleymist ekki á nefndarfundum

3. Ungmennaráð og umsjónarmaður ungmennaráðs

„Við erum ungmennaráð og við eigum það skilið að það sé hlustað á okkur!“

– Meðlimur ungmennaráðs Hrunamannahrepps

Það sem tókst sérstaklega vel:

- Betri eftirfylgni tillagna ungmennaráðs innan stjórnsýslunnar
- Flest mál fá efnislega meðferð

- Meðlimir upplifa sjálfstæði og frelsi til að tjá skoðanir
- Aukið sjálfstraust til að krefjast eftirfylgni þegar mál skila sér ekki
- Ungmennaráð fær flóknari mál til umsagnar en áður

Góð ráð frá ungmennaráði:

- Bæta móttöku og innleiðingu nýrra meðlima vegna tíðra mannabreytinga
- Tryggja að öll mál sem varða börn og ungmenni berist ungmennaráði
- Auka fundatíðni ungmennaráðs
- Tryggja að ungmennaráð fái fleiri mál til umsagnar
- Styrkja frístundastarf miðstigs grunnskóla
- Tryggja að ungmennaráð fái áheyrnarfulltrúa í nefndum og ráðum sveitarfélagsins
- Kynna ungmennaráð betur fyrir börnum og ungmönnum
- Tryggja að börn séu ekki valin í ráðið af fullorðnum heldur hafi tækifæri til að bjóða sig fram
- Bæta eftirfylgni mála svo áhrif þátttöku ungmennaráðs verði sýnileg

Athugasemdir UNICEF á Íslandi – Samantekt

UNICEF á Íslandi veitir Hrunamannahreppi viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag og óskar starfsfólki, kjörnum fulltrúum, ungmennaráði og öllum íbúum Hrunamannahrepps til hamingju með áfangann. Lengi má gott bæta og er því mikilvægt að innleiðingu laga um Barnasáttmálann verði áfram tryggt rými í starfsemi sveitarfélagsins um ókomna tíð. Því undirstrikar UNICEF eftirfarandi athugasemdir:

- UNICEF leggur áherslu á það að áfram verði tryggður starfskraftur í verkefnið sem sé með það í sinni starfslýsingu að sinna innleiðingu laga um Barnasáttmálann.
- UNICEF hvetur sveitarfélagið til þess að huga vel að innleiðingu barnvæns hagsmunamats í starfsemi allra nefnda og ráða sveitarfélagsins. Þannig verða allar ákvarðanir er hafa áhrif á börn metnar út frá réttindum þeirra.
- UNICEF minnir Hrunamannahrepp á mikilvægi þess að öll mál sem snerta börn og ungmenni á einn eða annan hátt fari fyrir ungmennaráð til umsagnar áður en ákvörðun er tekin.
- UNICEF mælist til þess að skipaðir verði áheyrnafulltrúar ungmennaráðs í nefndir og ráð sveitarfélagsins til þess að tryggja aukið upplýsingaflæði til ráðsins.
- UNICEF hvetur Hrunamannahrepp til þess að skoða mögulega þátttöku í verkefninu Réttindaskóli og -frístund UNICEF þar sem áhugi er til staðar hjá starfsfólki og stjórnendum í menntastofnunum sveitarfélagsins.
- UNICEF hvetur Hrunamannahrepp til þess að skoða mögulega samþættingu innleiðingar laga um Barnasáttmálann og Farsældarlaganna til þess að efla stefnumótun í málefnum barna.
- UNICEF leggur áherslu á að öllu starfsfólki sveitarfélagsins og kjörnum fulltrúum sé tryggt regluleg og markviss barnaréttindafræðsla og að hún verði hluti af þjálfun nýs starfsfólks.

Við hjá UNICEF á Íslandi viljum enn og aftur óska ykkur til hamingju með frábæran árangur og hlökkum til áframhaldandi samstarfs.